

# JÓHANNES PÉTURSSON



Jóhannes Pétursson fæddist í Skjaldar-Bjarnarvík á Ströndum 3. ágúst 1922. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. september síðastliðinn.

Foreldrar hans voru Pétur Friðriksson bóndi, f. 18.6. 1887, d. 9.9. 1979, og Sigríður Elín Jónsdóttir, húsfreyja, f. 10.11. 1893, d. 30.3. 1984. Systkini hans voru: Guðmundur, vélstjóri, látinn; Guðbjörg, húsfreyja; Friðrik kennari; Matthías skrifstofusjóri og Jón bifvélavirki, látinn.

Jóhannes kvæntist 22.5. 1948 Kristínu Björnsdóttur Guðmundssonar forstjóra og konu hans Bergnýjar K. Magnúsdóttur. Börn Jóhannesar og Kristínar eru: 1) Haukur, doktor í jarðfræði, f. 24.11. 1948, kvæntur Sif Jónasdóttur, meinatækni. 2) Björn Hákon, forstjóri, f. 13.4. 1951, kvæntur Helgu Þ. Þorgeirsdóttur, kennara. 3) Pétur, húsasmíðameistari, f. 27.1. 1953, kvæntur Gróu Gunnarsdóttur, leikskólakennara. 4) Hrönn, leikskólakennari, f. 13.1. 1958, gift Gunnari L. Benediktssyni, múrarameistara. 5) Guðmundur Bjarki, ráðgjafi, f. 28.11. 1967. 6) Hilmir Bjarki, tæknifræðingur, f. 28.11. 1967, kvæntur Írisi Rögnvaldsdóttur, markaðsfræðingi. Jóhannes á tólf barnabörn.

Jóhannes lauk búfræðinámi frá Hvanneyri 1945, kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1949 og stundaði framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands 1975-76. Auk þess sótti hann fjölmörg námskeið heima og erlendis. Jóhannes var skólastjóri heimavistarskólans á Finnbogastöðum í

Árneshreppi 1949-1955. Kennari við Laugarnesskólann 1955-61 og við Laugalækjarskóla frá 1961-1992. Að sumrinu starfaði hann framan af sem verkstjóri í Vinnuskóla Reykjavíkur, í Lögreglunni í Reykjavík í mörg ár og sem verktaki í byggingariðnaði. Hann tók mikinn þátt í félagsstörfum, m.a. formaður Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík, í stjórnnum LSFK og LGF 1976-1980, í stjórn Kennarasambands Íslands og stjórn Námsgagnastofnunar frá upphafi. Hann var í námsbókanefnd, kennarafulltrúi í fræðsluráði Reykjavíkur, í kennararáði Laugalækjarskóla, í samninganefnd Kennarasambands Íslands og síðar samninganefnd BSRB. Jóhannes hefur setið í mörgum nefndum á vegum kennarasamtakanna. Hann sat í stjórn Framfarafélags Selás- og Árbæjarhverfa og í stjórn Bræðrafélags Árbæjarsóknar. Jóhannes hefur ritað greinar í blöð og tímarit.

Útför Jóhannesar fer fram frá Grafarvogskirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

---

#### [14. september 2000](#) | Minningargreinar

---

Og Jóhannes er kempa kná í Kennarasambandi. Og það er ei að því að gá: hann þykir styðjandi.

Það ætlaði ekki að ganga vandræðalaust fyrir Pétur afa að flytja ömmu, Sigríði Strandasól, ófríska að föður mínum, ásamt með þeim litla bústofni sem eftir var eftir áföll og fjárskáða í Hraundal, yfir Drangajökul í fæðingarstað Jóhannesar Péturssonar. Að lokum náði þessi litla fjölskylda þó áfangastað, Skjaldar- Bjarnarvík, eftir mikla hrakninga. Þar fæddist faðir minn og ólst upp til unglingsaldurs.

Metnaður afa og ömmu stóð til að koma börnum sínum til mennta. Því flutti fjölskyldan um set úr þessari afskekktu vík, sem þó hafði reynst fjölskyldunni gjöful. Settust þau að í Reykjarfirði í Árneshreppi.

Faðir minn var sendur í skóla að Reykjum í Hrutafirði og þaðan til Reykhólts í Borgarfirði er herinn tók Reykjaskóla til sinna afnota. Að loknu námi í Reykholti settist hann í Búnaðarskólann á Hvanneyri og lauk þaðan námi sem búfræðingur 1945. Veturinn eftir stundaði hann nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Hugur föður míns stóð til frekara náms í búfræðum, en fyrir áeggjan Ágúst Sigurðssonar, skólastjóra Námsflokka, hóf hann nám við Kennaraskóla Íslands. Ágúst hefur eflaust greint í honum kennarann. Hann lauk prófi frá Kennaraskólanum 1949.

Að loknu kennaraprófi lá leiðin á heimaslóðir og hann tók að sér skólastjórn á Finnbogastöðum í Árneshreppi. Að sex árum liðnum tók hann sig upp með fjölskylduna og flutti suður. Til Reykjavíkur kom hann 1955 og hóf að kenna við Laugarnesskólann og síðar við Laugalækjarskóla þegar hann var stofnsettur 1961. Þar starfaði hann uns hann settist í helgan stein á sjötugasta aldursári.

Á sumrin hafði faðir minn ýmsan starfa, m.a. var hann verkstjóri í Vinnuskólanum en lengstum sumarafleysingamaður í Lögreglunni í Reykjavík. Ásamt framangreindu stundaði

hann einnig byggingarvinnu til að bæta hag fjölskyldunnar. Með þessum ærna starfa tók hann mikinn þátt í félagsstörfum, bæði á yngri árum í ungmennafélagshreyfingunni sem einn af stofnendum UMF Eflingar og formaður þess um skeið, og ekki síður seinna á starfsævinni í stéttarfélögum kennara og landssamtökum, m.a. formaður Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík um nokkurt árabíl. Þá var hann í stjórn Námsgagnastofnunar og fulltrúi í fræðsluráði Reykjavíkur.

Faðir minn var ákaflega glæsilegur maður og bar sig vel. Þar hefur haft áhrif íþróttaiðkun hans á yngri árum, enda var hann hraustur með afbrigðum. Hann hafði afar heilsteypta skaphöfn. Það var ekki farið fram með offorsi en málin ígrunduð og orðin valin af kostgæfni. Fyrir bragðið naut hann mikils trausts hvort sem var í daglegum kennslustörfum eða félagsstörfunum.

Lífshamingjuna og stóru ástina hitti faðir minn á dansleik í Kennaraskólanum. Foreldrar mínir hófu búskap á Finnbogastöðum í Árneshreppi, þar sem þau dvöldu fyrstu sex árin. Börnin voru boðin velkomin í heiminn hvert af öðru uns þau voru orðin sex. Fjölskyldan var þá flutt suður og lífsbaráttan í algleymingi.

Heimilisfaðirinn Jóhannes Pétursson bar hag fjölskyldunnar mjög fyrir brjósti. Honum nægði ekki að eiga rétt til hnífs og skeiðar fyrir marga munna, enda þótt laun kennarans dygðu vart til þess eins. Af mikilli elju og dugnaði, þar sem oftsinnis starfaði hann á þrennum vettvangi, tókst honum að koma þaki yfir fjölskylduna, fyrst í Álfheimunum og síðar í Hraunbæ 77.

Sem faðir var hann afar umhyggjusamur og nærgætinn. Hann beitti okkur börnin aga án þess að við tækjum eftir með því að höfða til skynsemi okkar og gildismats sem hann átti svo ríkan þátt í að móta. Á síðari árum metur maður enn frekar en fyrr það ástriki og öryggi sem okkur hlotnaðist í æsku og njótum enn góðs af.

Afinn Jóhannes fylgdist af miklum áhuga með barnabörnum, uppvexti þeirra og skólagöngu, þótt stundum væri það úr fjarlægð. Fátt gladdi hann meira en góður árangur afabarnanna í stóru eða smáu og hann hrósaði þeim í hástert þegar þau komu og sögðu honum frá afrekum sínum. Í þeim sá hann tilganginn og verðlaunin fyrir lífsbaráttuna.

Margar myndir líða fyrir hugskotssjónum þegar ég kveð föður minn. Sem lítill þjakkur laumaðist ég ásamt vinkonu minni um borð í trilluna hjá pabba sem var að sækja stórt rekaviðartré út með vikinni. Fjögurra ára man ég þegar við fluttum að norðan og sigldum með strandferðaskipinu suður. Ein myndin er af föður mínum sjúkum af heilahimnubólgu heima á Sundlaugaveginum. Þá var gengið hljótt um. Ég man eftir honum þegar hann kemur gangandi úr Álfheimunum eftir langan vinnudag við nýju íbúðina. Ég man þegar hann var að lesa fyrir okkur Íslendingasögurnar undir svefninn. Ég man þegar hann var að segja mér til við mótarifið. Ég man þegar hann var að byggja eigin höndum í Hraunbænum. Ég man eftir honum umvöfðum fjölskyldunni í jólaboðunum. Ég man.

**Far þú í Guðs friði, faðir minn. Björn.**

---

Ég lít til baka um meira en hálfa öld. Ungt fólk er að búa sig undir ævistarf, sem væntanlega yrði nokkrir áratugir, ef guð lofaði. Þetta fólk ætlaði allt að uppfræða æskulýð landsins og gekk að því með ákveðnum huga. Ekkert annað starf kom helst til greina. Vitað var þó, að ekki lokkuðu launakjörin. En sama var, þarna lá ævistarfið framundan.

Við vorum 27 sem fengum skírteini um kennarapróf í hendur hinn 28. maí 1949. Nú eru 9 fallin frá, þar af þrír á þessu ári. Sá, sem síðast hvarf af sjónarsviðinu, hafði lengi verið sjúkur maður. Við sem höfðum af honum spurnir þjuggumst við andlátinu miklu fyrr.

Jóhannes Pétursson var Strandamaður og starfaði þar sem skólastjóri við heimavistarskóla um skeið eftir kennarapróf. Annars var hann kennari í Reykjavík upp frá því til starfsloka. Hann var farsæll kennari og sinnti einnig félagsmálum á vegum kennarasamtaka. Jóhannes var umsjónarmaður bekkjar okkar í Kennaraskóla Íslands, og fórst það vel úr hendi. Honum var treystandi. Það segir nokkuð. Nokkuð var hann dulur, en bros hans var heilt og handtakið hlýtt.

Eitt sinn sagði ég þetta um Jóhannes:

Og Jóhannes er kempa kná  
í Kennarasambandi.  
Og það er ei að því að gá:  
hann þykir styðjandi.

Já, hann Jóhannes var traustur maður, sem ánægja er að minnast. Ég þakka honum kynnin öll og bið honum blessunar á nýjum leiðum. Ástvinum hans votta ég samúð við leiðarlokin.

**Auðunn Bragi Sveinsson.**

---

[15. september 2000](#) | Minningargreinar |

---

Jóhannes Pétursson fæddist í Skjaldar-Bjarnarvík á Ströndum 3. ágúst 1922. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. september síðastliðinn og fór útför hans fram frá Grafarvogskirkju 14. september.

Með Jóhannesi Péturssyni er genginn sterkur persónuleiki, og eftir að hafa farið um Strandirnar þar sem hann óx upp og mótaðist, fannst okkur eðlilegt að hann væri eins og hann var. Handtakið þetta endurspeglar festuna, reisnina og alvöruna í fasinu og í augunum var lífsgleði og hlýja, sem maður skynjaði svo vel í návist hans.

Hvergi, nema í húsum móðurafans og ömmunnar, hafði okkum mæðginum fyrr verið tekið af jafn einlægri velvild og þegar við komum fyrst í Hraunbæ til Jóhannesar og Kristínar, föðurafa og -ömmu Helga Hauks. Þannig hefur það verið æ síðan. Þótt hópurinn þeirra væri þá þegar stór var nægt hjartarúm fyrir fleiri. Þar var þeim rétt lýst, við vorum lánsöm að eiga þau að.

Á fallettu heimili Jóhannesar og Kristínar er margt sem sýnir hve sterkar taugar tengdu Jóhannes æskustöðvunum í Skjaldabjarnarvík og Reykjafirði og eins Árneshreppi, þar sem þau Kristín störfuðu saman fyrstu búskaparár sín. Jóhannes gerði sér vel grein fyrir hversu saga og menning eyðibýggðanna á Ströndum og Hornströndum er sérstök, hann hafði frá mörgu að segja í þeim efnum en entist því miður ekki heilsa til að skrá og miðla öllu því sem hann vissi. Það er dýrmætt hverju barni að læra að þekkja uppruna sinn og það hlutverk afans að miðla til yngri kynslóðarinnar rækti Jóhannes ekki síður en önnur. Helgi Haukur var svo lánsamur að njóta þess og um leið þess hve sá eldri var góður hlustandi og áhugasamur um allt sem sá yngri tók sér fyrir hendur. Það var því ekki sársaukalaust að koma í Hraunbæ og finna sætið hans afa autt þegar heilsan hafði brostið.

Jóhannesi afa var því miður ekki ætlað að eyða efri árunum við grúsk og skriftir í bókaherberginu eða njóta lífsins enn um sinn með Kristínu ömmu, eins og hugur hans stóð til þegar hann stóð á sjötugu. Það var eins og honum hefði verið ætluð önnur leið, kannski til enn meiri þroska en ella. Nú er hann kominn á leiðarenda og vísast til annarra starfa á öðru tilverusviði. Við mæðginin erum ríkari af kynnum okkar við hann.

Við sendum Kristínu ömmu, þabba/Hauki, Birni, Pétri, Hrönn, Guðmundi og Hilmi og fjölskyldum þeirra og öðrum aðstandendum innilegustu samúðarkveðjur, megi guð leiða þau í gegn um sorgina. Góðar minningar eru best minnisvarðinn.

### **Helgi Haukur og Elín.**

---

Jóhannes Pétursson var kvaddur í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 14. september sl. Hann fæddist 3. ágúst 1922 í Skjaldar-Bjarnarvík á Ströndum, sonur hjónanna Sigríðar Jónsdóttur og Péturs Friðrikssonar. Þangað voru þau þá nýflutt frá Hraundal.

Áttu þau um langan veg að fara og erfiðan, þar á meðal yfir Drangajökul. Með þeim voru tvö elstu börnin, Guðmundur og Guðbjörg, en Sigríður bar þá Jóhannes undir belt. Þakkaði hann henni níræðri þann flutning með fögrum orðum í grein er hann ritaði. Þjuggu þau þrettán ár í Skjaldar-Bjarnarvík og eignuðust þar Friðrik, Matthías og Jón. Síðan fluttust þau til Reykjarfjarðar í Árneshreppi og þar ólust börnin öll upp.

Ungur maður fór Jóhannes í Bændaskólann á Hvanneyri og lauk þaðan búfræðiprófi. Síðar fór hann í Kennaraskóla Íslands og lauk þaðan kennaraprófi. Í Reykjavík kynntist hann konu sinni, Kristínu Björnsdóttur, ungri og fallettri stúlku sem flutti með honum til Finnbogastaða, Árneshreppi, þar sem hann var skólastjóri í sex ár. Þaðan fluttu þau til Reykjavíkur og kenndi hann þar við Laugarnesskóla og síðar Laugalækjarskóla til eftirlaunaaldurs.

Kristín og Jóhannes eignuðust sex mannvænleg börn og mörg barnabörn. Þau keyptu íbúð í Álfheimum, en síðan byggðu þau hús í Hraunbæ 77 og einnig íbúð sem börn þeirra nutu góðs af. Má nærri geta að Jóhannes hefur unnið mikið fyrir utan kennsluna, enda sagði Kristín, kona hans: "Enginn veit hvað hann Jóhannes hefur unnið mikið." Minnisstæð eru mér heimboðin hjá þeim hjónum, bæði í Álfheimum og Hraunbæ, eftir að ég kom í vinahópinn

sem mágkona Jóhannesar. Oft hafði ég vitað myndarlegar húsmæður, en sjaldan sem Kristínu.

Skemmtilegur siður og mér lítið kunnugur var þegar heimboðin voru af einhverju tilefni; stúdentspróf barnanna eða aðrir viðburðir. Þá bauð Jóhannes alla velkomna og sagði nokkur orð í tilefni dagsins. Þó man ég best eftir silfurbrúðkaupinu, hvað hann sagði fallega frá því þegar þau hjónin gengu ung í sólskini um Hljómskálagarðinn og opinberuðu trúlofun sína. Sú trúlofun entist til æviloka og vakti Kristín yfir manni sínum í veikindum hans eins og góður engill. Ég kveð Jóhannes Pétursson með þakklæti og aðdáun.

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir.**

---

[23. september 2000](#) | Minningargreinar |

---

Jóhannes Pétursson fæddist í Skjaldar-Bjarnarvík á Ströndum 3. ágúst 1922. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. september síðastliðinn og fór útför hans fram frá Grafarvogskirkju 14. september.

Einhverja nóttina koma  
skógarprestirnir  
að tína reyniber af trjánnum  
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,  
en það eru ekki þeir sem koma með haustið  
það gera lítil börn með skólatöskur.  
(Vilborg Dagbjartsd.)

Eins og fram kemur í ljóðinu eiga sér stað ákveðin tímamót er hausta tekur. Farfuglarnir hverfa á braut, gróðurinn leggst í dvala og nóttin verður lengri, dekkri og kaldari. Hvert fljúga fuglarnir? Af hverju hverfa litrík blómin? Hvers vegna verður myrkrið birtunni yfirsterkara?

Þegar sumri hallar skiptir náttúran um búning. Græni litur laufanna fölnar, gulir og rauðir tónar glæða tilveruna lífi og söngur farfuglanna verður blandinn gleði og tilhlökkun þegar þeir flöggra af trjánnum með lítið rautt reyniber í gogginum. Á sama tíma eiga sér stað þáttaskil í lífi margra þeir finna fyrir lífsmunstrinu breytast og búa sig undir veturinn.

Svöl sumargolan breytist smám saman í næðandi blástur. Tærir regndroparnir verða að hvítum flyksum sem falla þar sem Vetur konungur hefur valið þeim stað. Að lokum klæða trén sig úr sumarskrúðanum og leggjast undir hvítan feld vetrarins. Þegar slæða fellur á sólina er eins og geislar hennar nái ekki að teygja sig inn í brjóst okkar allra. Birtan dvínar og kvíði og leiði eiga auðveldara með að skjóta rótum í huga okkar. Nokkrir útvaldir yfirgefa þennan heim sem okkur er ætlað að lifa í og þroskast. Sumir hverfa snögglega á braut og án skýringa. Aðrir hafa átt hér langa og viðburðaríka dvöl og kveðja þegar sumar lífs þeirra er á enda.

Sorgin er ávallt erfið og fæstir komast yfir hana en okkur lærist að lifa með henni og verður ljóst að betri tímar eru fram undan. Veturinn er myrkur og líður seint en í amstri hversdagslífsins rofar fljótt til á ný. Grá skýin víkja fyrir heiðskírur himni, sólin brýst fram, hlý og umlykjandi, og hefur týnt fölgrárrí slæðunni. Snjórinn bráðnar og úthvöldur gróðurinn teygir anga sína í átt að gula hnettinum. Með rísandi sól vex ný von innra með okkur. Ilmur vorsins vekur þrá, eflir vilja og veitir okkur gleði. Fuglasöngurinn heyrir að nýju og í kórinn bætast ungar óþjálfðar raddir sem rétt hafa brotist út úr dimmunni.

Haustið er erfiður tími sem vekur okkur til umhugsunar um okkar eigið líf. Það er eins og miðkaflí í eilífri hringrás lífsins sem gerir okkur kleift að ígrunda fortíðina og líta björtum augum til framtíðarinnar. Ef við reynum ekki sorgina og erfiðleikana er ómögulegt að leita hamingjunnar og njóta hennar.

Með þessum orðum vil ég minnast afa míns sem lést 5. september síðastliðinn. Mér þótti afar vænt um hann og leit upp til hans. Því miður fékk ég ekki sopið úr viskubrunni hans síðustu árin en þess í stað gat ég endurgoldið þá umhyggju og ást sem hann sýndi mér þegar ég var barn. Ljós réttláttra logar skært, en á lampa ódauðlegra slokknar.

Afi minn, nú ert þú floginn með fuglunum á slóðir frelsis og friðar. Ég sakna þín.

**Anna Björnsdóttir.**

---